

*Byggingarfulltrúi Eyjafjarðarsvæði*

*Óseyri 2 pósthólf 120 602 Akureyri*

S. 4624477 8545350 bréfsími 4627144

Árið 2003 þriðjudaginn 1.júlí kl. 13.30 kom byggingarnefnd Eyjafjarðar saman til 14. fundar að Óseyri 2 Akureyri. Formaður Hreiðar Hreiðarsson setti fundinn. Fyrir voru tekin eftirtalin erindi:

1. Erindi frá Sveini Björnssyni, Þingvallastræti 25, 600 Akureyri, þar sem hann sækir um að byggja sumarhús úr timbri á sumarhúsalóð nr. B12 Höfðabyggð Lundsskógi, lögbýlinu Lundi, Þingeyjarsveit, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Opus ehf, Teikni- og Verkfræðistofu. Sveitarstjórn Þingeyjarsveit hefur sent erindið í grendarkynningu, þar sem engar athugasemdir bárust.

*Samþykkt.*

2. Hjalti Finnsson, Norðurbyggð 21, 600 Akureyri, sækir um leyfi til að byggja forstofu og geymslu við sumarhúsið á lóð nr. A03 Höfðabyggð Lundsskógi, lögbýlinu Lundi, Þingeyjarsveit, samkvæmt teikningum frá Hnit hf.

*Samþykkt.*

3. Erindi frá Sigurbjörgu Marteinsdóttir, Rimasiðu 4, 603 Akureyri, þar sem sótt er um að byggja sumarhús úr timbri á sumarhúsalóð nr. B03 Höfðabyggð Lundsskógi, lögbýlinu Lundi, Þingeyjarsveit, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Opus ehf, Teikni- og Verkfræðistofu.

*Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti, með fyrirvara um samþykki eldvarnareftirlits.*

4. Félagsbúið Syðri Grund, Grýtubakkahreppi, sækir um leyfi til að lengja núverandi fjós um 2,2 metra til austurs, fyrir fóðurgang geldkúa. Viðbygging byggist upp með trégrind, viðbygging og fjós síðan klætt að utan með bárustáli. Teikningar eru eftir Magnús Sigsteinsson, Byggingaþjónustu Bændasamtaka Íslands.

*Samþykkt.*

5. Erindi frá Önnu Pétursdóttur, Litluhlíð 6A Akureyri, sem sækir um að byggja sumarhús úr timbri á lóð úr lögbýlinu Sunnuhvoli Grýtubakkahrepp, samkvæmt meðfylgjandi teikningum eftir Árna Gunnar Kristjánsson.

*Byggingarnefnd samþykkir erindið, en gerir kröfu um að gluggi á svefnlofti standist kröfur um björgunarop.*

6. Erindi frá Lárusi H List, Rauðumýri 13 Akureyri, þar sem sótt er um að byggja sumarhús úr timbri á lóð nr. 14 Heiðarbyggð, í landi Geldingsár Svalbarðsströnd. Teikningar eru frá H.S.Á. Teiknistofu.

*Samþykkt.*

7. Leifur Jónsson, Hörg, Svalbarðseyri, sækir um að byggja tvo kvisti á íbúðarhús sitt Hörg, Svalbarðseyri, samkvæmt teikningum eftir Árna Gunnar Kristinsson.

*Byggingarnefnd tekur jákvætt í erindið og felur byggingarfulltrúa að senda teikningar í grendarkynningu. Einnig bendir nefndin á að æskilegt væri að settja björgunarop í glugga á kvistum, ef síðar verði innréttuð íveruherbergi í kvistum.*

8. Erindi frá Ólafi A Thorlacius Öxnafeili Eijafjarðarsveit, sem sækir um að byggja legubásafjós og mjólkurhús, samkvæmt meðfylgjandi teikningum eftir Magnús Sigsteinsson, Byggingaþjónusta Bændasamtaka Íslands. Erindinu fylgir samþykkt sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar dagssett 11.júní 2003.

*Erindi frestað þar sem brunavörnum er ábótavant.*

9. Kaupþing Búnaðarbanki hf, Austurstræti 5, 101 Reykjavík, sækir um leyfi til að byggja orlofshús úr timbri og steinsteypu, á landi úr lögbýlinu Tréstaðir, Hörgárbygg, samkvæmt meðfylgjandi uppdráttum frá Manfred Vilhjálmsson, Arkitektar ehf.

Erindinu fylgir afsal fyrir lóðarhluta ásamt samþykki sveitastjórnar.

*Samþykkt.*

10. Umsókn frá Birgi Snorrasyni, Klettagerði 1, Akureyri, sem sækir um að gera verönd við húsiða að Austurvegi 12, Hrísey og jafnframt að setja niður heitan pott á umrædda verönd. Teikningar eru frá Opus ehf, teikni- og verkfræðistofu.

*Samþykkt.*

11. Vigfús Árnason, Heiðargerði 30, 108 Reykjavík, sækir um að klæða húsið við Austurveg 43, Hrísey, að utan með bárujárnni, setja í nýja glugga og breyta þaki á anddyri. Teikningar eru frá Arkitekta- og Verkfræðistofu Hauks.

*Samþykkt.*

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. .15.00

Hreiðar Hreiðarsson  
Kristján Kjartansson

Klængur Stefánsson  
Bragi Pálsson

Jónas Baldursson  
Þróstur Sigurðsson